

Forfallatilkynningar (veikindi/leyfi)

Allar forfallatilkynningar skulu foreldrar tilkynna strax að morgni í síma 411-7550, mikilvægt að nemendur séu tilkynntir fyrir kl. 08:45.

Í Mentor er opið fyrir foreldra að skrá veikindi barna sinna í heilum dögum og leyfi fyrir einstaka tíma í Mentor – mentor.is

Tilkynna þarf nemandann daglega þegar um veikindi er að ræða. Þurfi nemandi að vera fjarverandi í tvo daga eða lengur af öðrum ástæðum en vegna veikinda, skulu foreldrar sækja um leyfi skriflega og fá samþykki umsjónarkennara og skólastjórnanda.

Eyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu skólans. Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af fjarveru hans er á ábyrgð forráðamanna. Sé nemandi ítrekað frá kennslu vegna veikinda, þó um skamman tíma sé að ræða hverju sinni, getur skólinn krafist læknisvottorðs. Einnig getur skólinn farið fram á að fá læknisvottorð sé nemandi veikur lengur en 5 daga samfelld.

Skólinn vill vinsamlegast biðja foreldra um að hafa börn heima þar til þið treystið þeim út í frímínútur, þetta á við um nemendur í 1. – 7. bekk, því nemendur fá ekki að vera inni í frímínútum nema í undantekningartilfellum.